

Nd.

20. Frumvarp til laga

[19. mál]

um listskreytingar opinberra bygginga.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar, sem kostaðar eru af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar, sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar, sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til bygginga á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis.

2. gr.

Skýlt er að verja til listskreytinga opinberra bygginga fjárhæð, er nemur 1—2% af byggingarkostnaði mannvirkis. Kostnaður, sem af þessu leiðir, telst til stofnkostnaðar byggingar.

Fjárhæð þessari má verja jafnt til listskreytinga utanhúss og innan, sem verði hluti af mannvirkinu, og til kaupa á lausum listaverkum, sem komið sé fyrir í byggingunni eða á lóð hennar.

Ef um er að ræða listaverk, sem er hannað sem hluti af byggingu og gert um leið og byggingarframkvæmdum miðar áfram, skal ofangreint hlutfall miðast við áætlaðan byggingarkostnað samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins þar um, en ella við endanlegan byggingarkostnað án búnaðar.

Ef bygging er reist í áföngum, skal leitast við að lög þessi komi til framkvæmda eftir því sem hverjum áfanga miðar áfram.

3. gr.

Þegar um er að ræða skólabyggingar, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, skal viðkomandi sveitarfélag hafa frumkvæði að framkvæmd

Þessara laga og leggja fyrir menntamálaráðuneytið tillögur um, hvernig þau skuli framkvæma varðandi einstakar skólabyggingar. Tillögurnar eru háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Sama hátt skal á hafa varðandi aðrar byggingar, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, þó þannig að í stað menntamálaráðuneytisins komi það ráðuneyti, sem viðkomandi stofnun heyrir undir.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

5. gr.

Með þessum lögum eru úr gildi numdar 10. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og 27. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Greinargerð.

Nær samhljóða frumvarp var lagt fram á 102. löggjafarþingi og fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

Í lögum um skólakostnað, nr. 49/1967, 10. gr., var það nýmæli sett í lög, að menntamálaráðuneytið gæti að fenginni umsógn sveitarstjórnar ákveðið listskreytingu skólamannvirkja og mætti verja í þessu skyni fjárhæð allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkja. Áður höfðu þó ýmsar skólabyggingar verið listskreyttar og má í því sambandi benda á lágmyndir Ásmundar Sveinssonar á Austurbæjarbarnaskólanum, málverk Jóhanns Briem í Laugarnesskóla, veggskreytingar Barböru Árnason í Melaskóla og mósaikmyndir Valtýs Péturssonar í Kennaraháskólahúsinu við Stakkahlíð.

Í lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, 27. gr., er ákvæði um það, að sveitarstjórn geti ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins og megi verja allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis í þessu skyni.

Enginn vafi er á því, að ofangreindar lagaheimildir hafa örvað listskreytingar í skólum, þótt ljóst sé að þær hafi ekki verið notaðar í eins ríkum mæli og æskilegt væri.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir allmikilli breytingu á þeim lagaákvæðum, sem um þetta hafa gilt. Í fyrsta lagi er hér gert ráð fyrir skyldu til listskreytinga í stað heimildar áður. Í öðru lagi skal þessi skylda ná til allra opinberra bygginga, en ekki aðeins til skóla eins og núgildandi ákvæði kveða á um.

Með listskreytingu opinberra bygginga vinnst margt. Þjóðin verður ríkari af listaverkum og með því að tengja þau opinberum byggingum er þeim komið fyrir þar sem margir ganga að jafnaði um garða og geta notið þeirra. Íslenskir listamenn fá á þennan hátt tækifæri til að vinna að list sinni, og enginn vafi er á því, að laun fyrir slík verk eru flestum listamönnum kærkomnari en „styrkir“ hins opinbera. Reynslan sýnir að íslenskir listamenn, sem tekið hafa slík verk að sér, vinna þau af alúð og slík listaverk verða ómissandi hluti af umhverfi sínu.

Engum aðilum í þjóðfélaginu stendur það nær en ríki og sveitarfélögum að tryggja aðgang almennings að listaverkum. Það er unnt að gera á ýmsan hátt, en ein áhrifamesta leiðin er að tengja þau opinberum byggingum, og árangursríkast er vafalaust að skylda opinbera aðila til að verja hluta byggingarkostnaðar til listskreytinga. Reynslan hefur sýnt að skilningur þeirra, sem fyrir slíkum byggingum standa, er mjög misjafn og áhugi hjá sumum mjög lítill. Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja að allar opinberar byggingar verði listskreyttar, og það er trú flutningsmanna að með því verði auðgað íslenskt lista- og menningarlíf.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginreglan verður sú skv. þessari grein, að allar opinberar byggingar, sem kostaðar eru af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, falli undir lögin. Sem dæmi má nefna alla skóla, hvort sem þeir eru byggðir af ríkinu einu eða með þátttöku sveitarfélaga, enn fremur sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, barnaheimili o. s. frv. Undanþáguákvæðin skýra sig sjálf. Þá er einnig ráðgert í þessari grein, að ríkisstjórnin geti ákveðið að lögin taki til ríkisstofnana, sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Má sem dæmi nefna Póst og síma, sem byggir í fjölmörgum byggðarlögum landsins. — Með hugtakinu byggingar í þessari grein er fyrst og fremst átt við hús, en ekki önnur mannvirki, eins og t. d. brýr.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er ráðgert að aðalreglan verði að verja skuli nær 2% byggingarkostnaðar, þegar um allar venjulegar byggingar er að ræða. Ákvæði um, að upphæðin skuli aldrei vera lægri en 1%, gæti frekar átt við, ef um óvenjulega dýrar eða flóknar byggingar er að ræða, t. d. stórar sjúkrahúsbyggingar, svo að eitthvað sé nefnt.

3.—6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.